



Ágæti íbúi !

Til hamingju með nýja tilhögun í sorphirðu hér í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi, og þá auknu þjónustu sem hún felur í sér. Þessi nýja tilhögun byggist á því að tvö ílát undir sorp eru sett við hvert heimili, **Blátunna** og **Grátunna**. Þessi tilhögun gengur undir verkheitinu **Blátunnan** og er fyrstu skrefin í flokkun heimilissorps í sveitarfélögunum með umhverfis- og samfélagslega hagsmuni að leiðarljósi.



Blátunnan er skilgreining á íláti undir pappírsúrgang frá heimilum. Um er að ræða dagblöð, tímarit, auglýsingapóst og prentpappír. Einnig hreinar og tómar umbúðir úr sléttum pappa eins og fernur, morgunkornspakka, eggjabakka og pakkningar utan af matvælum eins og kexi og pasta. Gæta verður þess að skola þær fernur sem fara í Blátunnuna og leyfa þeim að þorna áður en þær fara í ílátið. **Blátunnan** er með **bláu** loki og er hún hirt á **8 vikna** fresti.




Sýnishorn af þeim pappírsúrgangi sem fara má í Blátunnuna

Eini pappírinn sem ekki fer í **Blátunnuna** er **bylgjupappi**, þar sem í honum eru límefti sem ekki henta í endurvinnsluferil **Blátunnunnar**. Þó er æskilegt að safna saman þeim **bylgjupappa** sem til fellur á heimilinu og koma honum á móttökustöðvar sveitarfélaganna, þar sem hann er síðan sendur í endurvinnsluferil sem hentar honum.



Bylgjupappa er hægt að þekkja af bylgjum sem sjást ef brúnir hans eru skoðaðar. Hann samanstendur því að lágmarki af þremur lögum af pappa, þ.e. tvö ytra byrði sem tengd eru saman af þriðja pappalaginu. Það pappalag er látið bylgjast til að mynda styrkingu og höggdempun. Bylgjupappi er í umbúðum eins og t.d. pítsukössum og pappakössum.



Grátunnan er skilgreining á íláti undir almennan úrgang frá heimilum annan en þann sem flokkast í **Blátunnuna**. **Grátunnan** er með **gráu** loki og er hún hirt á 2 vikna fresti.



Plast. Þó ekkert banni að henda **plasti** í Grátunnuna er þó æskilegt að safnað sé sér öllu **plasti** sem til fellur á heimilinu og því komið á móttökustöðvar sveitarfélaganna. Þaðan er **plastinu** komið í viðeigandi endurvinnsluferil. Hér er um að ræða bæði **mjúkt** og **hart plast**, s.s. plastpoka, plastfilmu, skyrdollur, jógúrdollur, brúsa undan sápum og öðrum hreinsiefnum. Gæta verður þess að skola öll ílát sem fara í endurvinnslu.



Staðsetning Blátunnu og Grátunnu skiptir máli. Ílátin eiga að vera staðsett **saman** innan við **20 metra** frá götu eða aðkomustað hirðingartækis við heimilið. Það verður að vera vel gengið frá ílátunum svo þau fjúki ekki, en til þess er hægt að nota sorptunnuskýli eða einfaldar festingar. Festingar mega þó ekki tefja losun ílátanna við hirðingu. Gæta skal þess að ílátin og umhverfi þeirra sé snyrtilegt og gott aðgengi sé að þeim. Að vetri til skal moka snjó frá ílátunum á hirðingardögum.



Sorphirðudagatal

Fyrsti dagur sorphirðunnar samkvæmt nýju kerfi er mánudaginn 12. október n.k. Ekki er hægt að svo stöddu að tilgreina nákvæmlega hvenær hvert og eitt svæði verður hirt, en viðmiðunin er að á mánudögum verði hirt í Laugardalnum og síðan sem leið liggur í átt að Geysir. Biskupstungurnar eiga að klárast í hirðingu á þriðjudeginum. Í Grímsnes- og Grafningshrepp verður hirt á miðvikudegi. Einhver röskun getur þó orðið á þessu vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra orsaka.



Hirðudagar frá 1. október til 31. desember 2009

Mánuður	Grátunnan														Blátunnan																			
	S	M	Þ	M	F	F	L	S	M	Þ	M	F	F	L	S	M	Þ	M	F	F	L	S	M	Þ	M	F	F	L						
Október				1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
Nóvember	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30				
Desember			1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um þessa nýju tilhögun er hægt að nálgast hjá hvoru sveitarfélagi fyrir sig:

Bláskógabyggð: www.blaskogabyggd.is/sorpma eða þjónustumiðstöð í síma 486-8726.
Grímsnes- og Grafningshreppur: www.gogg.is eða áhaldahús í síma 892-1684.